



Verkefni sveitarstjóra

Tímabil: september 2022

Helstu verkefni:

Verkefni í undirbúningi:

- Undirbúningur heimsóknar á Nauteyri í haust, með sveitarstjórn. Mikilvægt að kynnst starfsemi Háafells þar. Stefnt á seinni hluta október
- ~~Undirbúningur að heimsókn í Skjaldfannardal vegna Austurgilsvirkjunar – frestað til næsta árs.~~
- Undirbúningur að vinnu við starfsáætlun sveitarstjórnar – hugmyndavinna
- Undirbúningur að endurbættu verkþókhaldi með forstöðumönnum – hugmyndavinna.

Verkefni í vinnslu:

- Samskipti og aðkoma að réttum í Krossárrétt og Staðardalsrétt
- Unnið að gerð verkþókhalds og samhliða því unnið að endurskipulagingu eignasjóðs
- Samskipti við aðila sem hafa lagt inn umsókn um vilyrði fyrir lóð undir hótelfstarfsemi. Símtöl og bréfaskriftir
- Gerð samfélagssáttmála um styrkveitingar. Endurskoðun texta eftir athugasemdir A lista
- Undirbúningur að markaðssetningu á Strandabyggð/Steingrímsfirði/Hólmavík sem áfangastaðar fyrir lítil og meðalstjór skemmtiferðaskip. Gagnaöflun hafin vegna kynningar á Strandabyggð. Þarf að vinna með Vestfjarðastofu og tengja við verkefnið; Innviða- og þekkingargreining í Strandabyggð
- Hugsanlegt landeldi í Steingrímsfirði. Nætu skref, fundur sveitarstjórnar með Orkubúi Vestfjarða, beðið eftir svari OV.
- Hagræðingarmöguleikar skoðaðir
 - Úthýsing skólaaksturs
 - Endurskoðun á bílaflota sveitarfélagsins. Viðhaldskostnaður er mikill vegna aldurs og ástands bíla, t.d. á vegum Sorpsamlagsins
- Uppsetning hleðslustöðva. Unnið með Tesla sem leitaði til Strandabyggðar
- Uppsetning hleðslustöðva fyrir flutningabíla (hugmyndavinna).

Verkefnum lokið:

- Fundur með Ríkisstjórn Íslands á vegum Vestfjarðastofu á Ísafirð 1. september
STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

- Fundir og samráð vegna stöðu BS Vest
 - Stjórnarfundir í BS Vest, bæði sem fjar- og stöðufundir. Málefni BS Vest hafa tekið talsverðan tíma undanfarið, vegna mjög erfiðrar fjárhagsstöðu málaflokksins hér sem og um land allt
- Verkefnafundur með forstöðumanni áhaldahúss/Sorpsamlags - fastafundir
 - Farið yfir verkefni, stöðu og framkvæmd
- Verkefnafundur með forstöðumanni áhaldahúss og íþróttá- og tómstundafulltrúa vegna sameiginlegra verkefna, viðhalds og viðgerða í sundlaug ofl.
- Verkefnafundur með skólastjóra. Aðstæður í grunnskóla skoðaðar ásamt öðrum fulltrúum sveitarstjórnar
- Umræða og undirbúningur skoðunarferðar í Leikskóla vegna framkvæmda á leikskólalóð
- Fundur með umdæmisstjóra Vegagerðarinnar í Borgarnesi, 21.9
- Fundur í undirbúningshópi um endurskoðun aðalskipulags, 27.9. Sótti fundinn í Reykjavík
- Rýnifundur með skrifstofustjóra vegna jafnlaunavottunar, 6.9
- Fundur með fulltrúa Tesla á Íslandi vegna hugsanlegra hleðslustöðva á Hólmavík, 7.9
- Undirbúningur og þátttaka á Fjórðungspingi á Patreksfirði, 8-10.9
- Þátttaka á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri, 28-30.9
- Aðalfundur Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla, Drangnesi, 15.9

Önnur verkefni samkvæmt bókunum sveitarstjórnar frá fundi 1336, sem ekki er getið hér að framan:

- Vegna manneklu hefur sveitarstjóri nokkrum sinnum sinnt baðvörslu í sundlaug
- Galdur brugghús: Beðið eftir upplýsingum
- Sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar – styrkbeiðni. Skrifstofustjóri tilkynnti um afgreiðslu sveitarstjórnar
- Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð. Tillaga sveitarstjóra farin til sveitarstjórnar
- Reglur um refa- og minkaveiði – endurskoðun. Verður lagt fyrir ADH nefnd 10.10. og síðan tekið til umræði á sveitarstjórnarfundum
- Hugmyndasamkeppni um nýtingu gamla vatnstanksins – Drög að texta farin til sveitarstjórnar, en þarfnast hugsanlegra viðbóta
- Göngustígur út á Grundir. Málið er hjá US nefnd. Sveitarstjóri ræddi það engu að síðurn á fundi með umdæmisstjóra Vegagerðarinnar. Móta þarf tillögur að hönnun og kostnaði við þá vinnu og leggja fyrir Vegagerðina, ásamt styrkbeiðni
- Umferðarsamþykkt Strandabyggðar. Sveitarstjóri ræddi málið við umdæmisstjóra Vegagerðarinnar og bíður frekari upplýsinga þaðan. Ljóst að þetta er ekki einfalt ferli
- Flutningur Dreifnámsdeildar. Umræða hafin við forstöðumann dreifnáms, en klárast ekki fyrir fund 11.10
- Umhverfisátak í Strandabyggð. Í undirbúningi og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Endurskipulagning gámasvæðis á Tanganum. Verður lagt fyrir ADH nefnd 10.10. og síðan tekið til umræði á sveitarstjórnarfundum
- Þarfagreining vegna hugsanlegrar hitaveitu. Þarfnast meiri tíma, verður lagt fyrir nóvember fund
- Frágangur á rampi við sundlaug. Komið á verkefnalista Áhaldahúss
- Skipan starfshóps um nýtingu vindorku og ósk umsagnar Strandabyggðar. Afgreitt með tölvupósti.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

Að auki eru fjölmörg símtöl og skrifleg samskipti við einstaklinga og fyrirtæki. Áberandi margir íbúar höfðu samband eða komu á skrifstofu sveitarstjóra til viðræðna og fagnar sveitarstjóri því. Það er mikilvægt að íbúar láti í sér heyra eða komi á skrifstofu sveitarfélagsins með sín erindi.

Hólmavík 6.10.22
Þorgeir Pálsson
sveitarstjóri

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS